

Sískrifandi smiður

Magnús Kristjánsson í Ólafsvík

AFYRRI HLUTA þessarar aldar bjó vestur á Snæfellsnesi erfiðismaður sem aldrei lauk svo vinnudegi að ekki gæfi hann sér tóm til að skrifa nokkur orð í dagbók sína auk þess sem hann setti saman frásagnir í aðrar kompur. Magnús Kristjánsson hét þessi maður og náði háum aldri og skilaði drjúgu dagsverki. Magnús hélt sennilega lengur dagbók en nokkur annar maður hér á landi eða í nærfellt 70 ár. Auk dagbókanna liggur mikið efni óbirt eftir smiðinn og meðhjálparann úr Ólafsvík.

Magnús Kristjánsson fæddist í Ytra-Skógarnesi í Miklaholtshreppi 1. október 1875 og andaðist í Reykjavík 22. apríl 1963. Hann var tvígiftur, átti tíu börn og starfaði sem smiður fyrir vestan alla sína starfsævi. Auk þess gegndi hann margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir sveit og samfélag, var t.d. meðhjálpari í yfir hálfra öld, sóknarnefndarmaður og hreppsnefndarmaður um langan aldur og tók mikinn þátt í öllu félagslífi í byggðarlagi sínu.

Magnús er eini Snæfellingurinn sem vitað er um að hafi skrifað dagbækur nánast alla sína starfsævi. Slíkt er reyndar afar sjaldgæft hvar sem er. Hann var andans maður, sá „eini frænda minna sem ég finn andlegt ættarmót með“, sagði Jóhann Jónsson skáld í bréfi til hans 1917. Dagbækur Magnúsar byrja á nýársdag 1894 og þeim lýkur 7. apríl 1963. Hann hélt þeim því úti í nærfellt 70 ár. Slíkt er fáheyrt. Hér er um að ræða mikilvægt tímabil í þjóðarsögunni og forvitnilegt að fylgjast með því hvernig alþýðumaður upplifði veröldina frá þúsund ára sveitarSKI til nútímans á 20. öld. Sem heimildarit hafa dagbækurnar gildi fyrir sögu Snæfellsness og sérstaklega Ólafsvíkur þar sem hann lifði alla sína starfsævi, en þar er vikið að því markverðasta sem gerðist frá því um aldamót og fram yfir 1960.

Á gamlaársdag 1962 skrifaði Magnús: „Ég býst eins við nú að ég sé að enda þessa dagbók mína, sem ég er búinn að skrifa í kvöld í 69 ár, þó mig langi til að skrifa hana eitt

Mynd 1.
Ólafsvík í byrjun
aldarinnar.



*Ná
Saga*

Óskar Guðmundsson

Dagbók, sem á,
Magnús, Kristjánsson.
Skogarnesi yfra, Þorjón Árd 1894
1. janúari 1894 á Mán-
dag veður er sunnan
vindur og regningar.
hríðir 3 stiga hiti.
2. veður er sunnan vindur
með regningar skurum og
4 stiga hiti.
3. veður er sunnan Stórvindris
roki og úrfellis regning
hiti og kuldi 0.
4. veður sunnan hvarf með regni,
og 4 stiga hiti.
5. veður útsinnungur 1 stiga =
hiti, og gítk á roki á morgun
í dag.
6. Þrettandi jóla veður er
lagn og 5,5 stiga tetta frost.

Mynd 2.
Fyrstu færslurnar
í dagbók Magnúsar.

ár enn. En nú get ég lítið átt við ritstörf úr þessu, því að nú er ég að tapa öllu, hendi að stírðna, sjónin að daprast og allt að hverfa“.

Dagbækurnar eru að vonum miklar að vöxtum, alls 17 bindi. Synir Magnúsar afhentu Landsbókasafninu þær að honum látnum í samræmi við vilja hans. Við rannsóknir mínar á dagbókunum kom á daginn að þær með voru ritstörf Magnúsar smíðs hvergi nærri upptalin. Við eftirgrennslan kom í ljós að í vörslu attingja eru til eftir hann margvísleg önnur ritverk sem erindi eiga til lesenda. Fékk ég góðfúslegt leyfi til að lesa þau og yfirfara. Meðal ritverka hans eru sjálfsævisögu-

þættir, þættir af samferðarmönnum, einskonafrásögur og aðrir frásögubættir. Tvö sýnishorn af því efni birtast hér á næstu síðum.

Eyjólfur Magnússon, sonur Magnúsar, afhenti mér handritin en hann er mjög áhugasamur um að verkum föður hans sé sýndur tilhlýðilegur sómi og þau komi fyrir sjónir almennings. Þess vegna hef ég verið að leita leiða til að koma út bók með ýmsu efni eftir Magnús Kristjánsson. Mér finnst einhvern veginn eins og það sé menningarleg skylda þjóðarinnar að halda fróðleikssýsli manna til haga. Auðvitað er hér um að ræða merkilegt menningarstarf sem gæti ella orðið gleymskunni að bráð.

Margir hafa áhuga á að slík bók komi út, en það vill stundum verða þrengra um pyngjuopið þegar kemur til verka af þessum toga sem hugsanlega eru ekki arðbær nema í menningarlegu tilliti.

Dagbækur Magnúsar hafa sáralítið verið notaðar fram að þessu. Þó koma þær við sögu í *Sögu Ólafsvíkur* eftir Gísla heitinn Ágúst Gunnlaugsson sagnfræðing, en aldrei kom nema eitt bindi út af þeirri sögu. Þá hef ég notast við verk Magnúsar í greinaflokki um Jóhann Jónsson skáld, en Magnús var móðurbróðir hans, og í sagnaþáttum í bók minni um Pálsætt undan Jökli sem senn lítur dagsins ljós.

Skrif Magnúsar Kristjánssonar eru jafnframt framlag til byggðarsögu Snæfellinga, auk þess sem öllum Íslendingum ætti að vera akkur í bók þar sem eru forvitnilegir og skemmtilegir þættir af mönnum og málefnum. Af verkum Magnúsar eru einungis dagbækurnar í vörslu þjóðdeildar Landsbókasafns. Ég tel sjálfsagt að önnur handrit höfundar verði lögð þar inn til varðveislu að lokinni vinnu við útgáfu þeirra.

Hér á eftir fara tvö sýnishorn af skrifum Magnúsar sem ég hef búið til prentunar. Þetta eru frásagnir úr átthögum hans, önnur um móverk við Ólafsvík, hin um kirkjufærsluna í Fróðársókn. Leitast er við að halda texta og orðfæri sem næst texta höfundar, en stafsetning er færð til nútímahorfs, smávægilegar lagfæringar eru gerðar og reynt er að komast hjá endurtekningum. Millifyrirsagnir hef ég sett til hægðarauka fyrir lesendur.

ÆTT OG UPPRUNI

Magnús Kristjánsson smiður og rithöfundur

Magnús Kristjánsson í Ólafsvík var tvígiftur og átti fjölda barna. Fyrri kona hans var Kristín Þórðardóttir frá Rauðkollsstöðum og bjuggu þau saman í tæplega tvo áratugi og eignuðust sjö börn; dóu þrjú þeirra í bernsku:

1. Þórður, fæddur 1902, dó tæplega árgamall.
2. Kristján, fæddur 1904, dó hálfis annars árs.
3. Kristín María, fædd 1905, ráðskona, dó 1979.
4. Lovísa, fædd 1907, dó 1988, gift Þórjóni Jónassyni og áttu þau tíu börn.
5. Þorleifur, fæddur 1910, verkamaður í Ólafsvík, dó 1970.
6. Jóhann Guðni, fæddur 1911, dó 1969, giftur Olgu Konráðsdóttur, áttu einn son.
7. Sigurjón, fæddur 1914, dó vorið 1916.

Seinni kona Magnúsar var Sigprúður Katrín Eyjólfsdóttir frá Bjarneyjum á Breiðafirði og áttu þau saman þrjú börn. Þau eru:

8. Eyjólfur Aðalsteinn, vélstjóri, fæddur 1923, giftur Sigurrós Jónsdóttur, tvær dætur.
9. Magnús, stýrimaður, fæddur 1926, giftur Margræti Gunnarsdóttur og á hann þrjá syni.
10. Ingveldur, fædd 1930, húsfreyja í Ólafsvík, gift Rikharði Jónssyni og eiga þau eina dóttur.

Föðurætt Magnúsar er kennd við Skógarnes. Faðir hans var Kristján Gíslason, fæddur á Ytra-Skógarnesi 3.2. 1831. Foreldrar Kristjáns voru þau Gísli Þorvaldsson og Katrín Bárðardóttir í Ytra-Skógarnesi.

Fyrri kona Kristjáns var Oddný Sigurðardóttir frá Brandsbúð á Arnarstapa. Hún dó eftir stutta sambúð þeirra. Þau áttu tvo syni:

1. Sigurð Kristjánsson, dó áttræður í apríl 1933. Hann var faðir Magnúsar í Miklaholti og Elísabetar, konu sr. Árna Þórarinssonar á Stóra-Hrauni.
2. Daníel Kristjánsson, flutti til Ameríku og dó þar í hárrí elli.

Seinni kona Kristjáns var Jóhanna Gísladóttir, fædd 14. 1. 1833 í Eiríksbúð á Arnarstapa. Foreldrar hennar voru Gísli Sigurðsson og Þorbjörg Þórarinsdóttir. Jóhanna var ættfróð



Mynd 3.
Magnús Kristjánsson (1875–1963), meðhjálpari, smiður, sveitarstjórnarmaður og rithöfundur.

og sagnfróð gáfukona. Andaðist í Ytra-Skógarnesi 14.5. 1909, 76 ára. Þorbjörg móðir hennar var fædd á Reykjum í Hrutafirði. Önnur dóttir hennar hét Steinunn og fleiri börn áttu þau Þorbjörg og Gísli.

Á Arnarstapa bjó Kristján í nýu ár en fluttist þaðan aftur að æskuheimili sínu, Ytra-Skógarnesi, þar sem hann bjó til dauðadags. Velmetinn, hreppstjóri og oddviti, fékkst m.a. við lækningar. Andaðist í Ytra-Skógarnesi á heimili sínu 16. júní 1886, 55 ára gamall.

Þau Kristján og Jóhanna áttu saman tíu börn og af þeim komust fimm til fullorðinsára:


3. Gísli Kristjánsson, smiður í Skógarnesi. Gísli dó á 93 ára afmælisdegi sínum 22. mars 1953 í Reykjavík.
4. Oddný Kristjánsdóttir. Dó í Reykjavík 1936, 71 árs.
5. Steinunn Kristjánsdóttir, móðir Jóhanns skálds. Dó í Ólafsvík 1944, 74 ára.
6. Kristján Kristjánsson smiður, dó í Ólafsvík 1944, 71 árs.
7. Magnús Kristjánsson, fæddur 1875, smiður og rithöfundur, dó í apríl 1963, 87 ára.

Mikil áhersla var lögð á það að eignast góðan og mikinn mó. Undir því var allt komið, því til sveita sáust ekki kol á þeim árum

Gömlu móverkin

Eitt af því sem breyst hefur í atvinnulífi þjóðarinnar eru gömlu móverkin. Yfir aldanna raðir var ekki annað notað til eldsneytis en mór hér á Íslandi, því víðast hvar á landinu er mikill mór í jörðu þó í einstaka stað sé hann ekki. Það sýnir sig líka þegar maður ferðast yfir landið að sjá þessar miklu mógrafir víðsvegar. Gömlu mennirnir hafa unnið svo illa að þessum mógröfum sums staðar að þar eru drápshættur fyrir skepnur sem oft hafa og eru að fara í þær. Þetta sáu ekki gömlu mennirnir.

Á mínum uppvaxtarárum ólst ég upp við móvinnu. Mikil áhersla var lögð á það að eignast góðan og mikinn mó. Undir því var allt komið, því til sveita sáust ekki kol á þeim árum.



Mynd 4.
Titilsíðan í dagbók Magnúsar fyrir árið 1905.

Munur á mótekju í sveit og þorpi

Hér í Ólafsvík var mikil mótekja því kol voru lítið flutt hér í verslanir. Þótti ágætt að fá þau lítilsháttar með mó. Og á stríðsárunum frá 1914–1918 sáust ekki kol hér. Þá varð að taka upp mó svo það dygði hverju heimili yfir árið.

Ég varð aldrei var við í sveitinni að það væri sérstakur hamangangur við móverkin eins og gerðist í Ólafsvík. Sú vinna var unnin eins og önnur störf með rólegheitum ásamt öðrum heimilisstörfum. Þar gekk allt rólega, þar átti hver jörð sitt heimamótak, sem ábúendur voru einir um.

En öðru máli var að gegna hér í Ólafsvík. Þar voru svo margir sem þurftu að móverka í sama mótaki jarðarinnar. Þar höfðu allir sama leyfið. Þar vildi hver sinni totu fram ota með að ná í besta mótakið því sums staðar voru 5–6 skóflustungur niður á mótakið, en á öðrum stöðum ekki nema 1–2. En sama afrof og fyrirhöfn niður að móstálinu sjálfu.

Svo var annað sem rifist var um og það var þerrivöllurinn því hann var oft of lítill í sam-anburði við mótekjurnar. Var þá mismunur á vegalengd fyrir þá sem báru út móinn á bör-um en sumir reiddu út á hestum í hripum eða barkrökum eins og þá gerðist.

Það voru sumir menn ágjarnir þar innan um sem veittu mönnum yfirgang, tóku stundum ruddar grafir hjá öðrum eða fóru í mótak þeirra sem voru búnir að taka upp eitthvað áður og ruddu þá stundum mó þeirra niður í grafirnar. Þetta gerðist mest á morgnana áður en almenningur var kominn upp á fjallið. Ég ætla ekki að lýsa því hvað þá gekk á eins og eðlilegt var. Þessi móverk á Ólafsvíkurfjalli voru oft söguleg í þá daga.

Mér finnst nú að þarna hafi verið ævintýralíf og minnst ég margt frá þessum liðnu árum. Ég varð eins og aðrir að starfa á hverju vori að móverkum. Var þá vanalegt eins og fleiri gerðu að taka einn dag og hafði ég þá með mér karlmann til að taka upp með mér og tvo kvenmenn til að bera út móinn, út á þerrivöllinn, og var það erfitt verk.

Það var oft skemmtilegt í góðu veðri að vera uppi á fjalli með duglegu og skemmtilegu fólki. Það var víðáttumikið svæði, þarna voru ótal flokkar við verk og þar var unnið af



miklu kappi og var margur þar fáklæddur með sveittan skalla. Og margur þreyttur að kveldi eftir það langa og stranga dagsverk því þegar átti að móverka var dagurinn tekinn snemma á morgnana. Farið að vekja fólkið bráðsnemma, klukkan fjögur til sex árdegis, og vanalegast hætt vinnu klukkan tíu á kveldin.

Kaffidrykkja til sátta

Alstaðar mátti sjá ótal reyki um allt fjallið því allir flokkar höfðu hlóð og hituðu kaffi við möglóð því mikið var drukkið af því yfir daginn. Og voru það einu hvíldarstundirnar ásamt matmálmótum. Sumar kerlingar hlupu þá að nágrannahlóðum til vinkvenna sinna og fengu sér sopa hjá þeim. Þó þær hefðu máske áður verið búnar að rífast útaf þerriplássi, kaffibollinn var sáttabíkar þeirra. Matur var oft nógur og góður í mógröfunum og svo þegar heim var komið var tekinn heima kvöldverður sem kalla mátti að væri stórveisla.

Ég minnst þessara tíma sem nú eru horfnir, því heita má að þessum móverkum væri allveg hætt úr 1940. Því þá fóru að breytast tím-

arnir með allt, þá voru vanalegast næg kol til hér og svo fóru að koma olúkyndingarnar og nú koma óðum rafurmagmsvélarnar í flest hús. Og allir atvinnuvegir breyttir. Áður fyrr var lítið um atvinnu og þá mynduðu menn hér atvinnu með því að vinna að eldsneyti sínu. En nú er svo mikil atvinna að það kemst enginn til að móverka og svo er mórinn hita-minna eldsneyti til að hita upp nýju húsin.

— — —

Því má bæta við að nú á tímum mundi verkalýðssamtökunum hafa þótt lágt verkafólks kaupið þar sem karlmenn fengu fjórar krónur á dag og kvenfólkið tvær krónur og fæði. Fyrir svo langan vinnudag og erfiðan sem var oft að jafnaði 16 tímar á dag, þá hefði þótt ástæða að nefna verkfall. En eftir því sem árin liðu fór kaupið smá hækkandi.

Þar er nú auðnin ein

Nú um leið og ég er að enda þessar gömlu frásagnir um móverkin á Ólafsvíkurfjalli sem nú er löngu lokið og fara að falla í gleymsku nema hjá gamla fólkinu sem er nú óðum að fækka, þá ætla ég að segja frá göngutúr sem

Mynd 5.
Fólk við mótekju.

Margur var þreyttur að kveldi eftir það langa og stranga dagsverk því þegar átti að móverka var dagurinn tekinn snemma á morgnana



Mynd 6
Móhraukar.

Nú er þessu starfi lokið að móverka og allir þeir sem þar störfuðu farnir að hvíla sig. Og margir búnir að fá þá eilífu hvíld. Nú þarf ekki að erfiða lengur við móinn

Ég tók mér í elli minni fyrir fáum árum. Það var á sunnudaginn þann 10. ágúst 1952 að ég gekk mér til skemmtunar einsamall upp á Ólafsvíkurfjall til að líta yfir gamla og fagra áttaha. Ég gekk þar upp á klettaborg eina sem kölluð er Litlaborg. Þaðan er útsýni gott og sést yfir þar allt í kring þar á meðal yfir gamla mógrafasvæðið sem nú er allt að mestu orðið grasi gróið. Ég hvíldi mig þar um stund og teygði að mér hið heilnæma fjallaloft. Lognið og sólskinið var svo unaðslegt og kyrrðin sem hvíldi þarna yfir öllu. Útsýnið var svo fagurt yfir fjöllin að sjá útí geiminn. Ég sá yfir allt Ólafsvíkurborg og Fróðárhreppinn og svo Breiðafjörð sem var eins og hvítur spegill og Barðastrandarfjöllin í fjarlægð. Þetta fallega útsýni heillaði mig og endurvakti margar gamlar minningar hjá mér frá fyrri árum. Svo leit ég þarna í kringum mig yfir holt og hæðir, móa og mýrar. Yfir þær gömlu slóðir þar sem áður var unnið mikið og erfitt starf við móverk bæði af mér og öðrum á þessu fjalli. Þetta var að mörgu leyti ævintýraríkt starf og rifjaðist sumt af því upp í huga mínum. En þá hugsaði ég: Nú er þessu starfi lokið að móverka og allir þeir sem þar störfuðu farnir að hvíla sig. Og margir búnir að fá þá eilífu hvíld. Nú þarf ekki að erfiða lengur við móinn.

Nú fannst mér hvíla einhver þögn og auðn sem á eyðimörku yfir þessu fjallalandi. Allir

horfnir frá fyrri störfum og allir eldar slokkn- aðir í hlóðum og enginn reykur sést. Og holtin sem öll voru þakin í mó og hraukum eru nú auð, ekkert nema grjót og mosi og lyng. Þannig er allt mannlífið sem breytist með straumum tímans og hverfulleikinn blasir móti öllu á jörðinni. Þegar ég var búinn um stund að dvelja á þessum stað við gamlar minningar, sem að sumu leyti voru nokkuð sársaukakenndar, stóð ég upp, lagði á stað í áttina heimleiðis. Niður grasi grónar götur sem áður voru troðnar bæði af hesta og manna fótum en nú eiga fáir leið þar um.

Átökin um kirkjuna á Fróðá

Ég hef lengi haft í huga að skrifa dálitla frá- sögn af því er Fróðárkirkja var rifin og flutt til Ólafsvíkur sumarið 1892, en sú breyting gekk ekki átakalaust einsog oft hefur borið við er kirkjur á fornhelgum stöðum hafa verið rifnar niður og fluttar á aðra nýja kirkjustaði.

— — —

Í fornöld þegar kristin trú var tekin á Íslandi og fornir siðir lagðir niður byggðu margir héraðshöfðingjar kirkjur á jörðum sínum einsog stendur í Íslendinga sögum. Einn af þeim var Þóroddur skattkaupandi á Fróðá sem byggði þar kirkju eins og sjá má í Eyrbyggju, en þeir sem dóu í Fróðárundrunum voru jarðaðir þar við kirkjuna.

En sagnir eru um það að bærinn á Fróðá hafi staðið á öðrum stað en nú er og því er það gamla bæjarstæði kallað á Fornu-Fróðá. En mér er ókunnugt um nær bærinn og kirkjan hafa verið færð á þann stað þar sem nú er bær og kirkjugarður, en það hefur víst verið snemma á fyrri öldum. Sveit sú sem liggur á milli Ólafsvíkurennis og Búlandshöfða var kölluð Neshreppur innri og kirkjusóknin Fróðár- sókn.

Innri hluti hreppsins sem nú heitir Fróðár- sókn var fjölmenn en fámennt var í Ólafsvík, sem talin var vera lítið sjóþorp. Í innsveitinni var töluverður landbúnaður og sjávarútvegur á arabátum frá nokkrum lendingarstöðum. En þegar fram liðu tímar og verslunarstaður var lagður niður í Rífi, var verslun sú flutt í Ólafsvík og þar löggilt höfn og kaupsíun. Úr því fór að fjölga fólki í Ólafsvík og útræði fór

vaxandi – á haustvertíðum var oft mikið um útróðramenn.

Það þótti lengi erfið kirkjusókn í Ólafsvík að sækja kirkju innað Fróðá og eins að flytja lík þangað á öllum tíma árs því vegur er langur og yfir tvær slæmar ár að fara, Fossá og Fróðá. Það fór því að bera á því að Ólafsvíkingar vildu fara að koma upp kirkju í Ólafsvík en til þess skorti bæði fé og framkvæmdir.

Hrökkluðust til Ameríku

Um 1890 fluttist hingað nýr verslunarstjóri til gömlu Ólafsvíkurverslunarinnar. Það var Einar Markússon sem síðar varð kaupmaður hér, mikill áhuga- og dugnaðarmaður sem lyfti upp mörgum framkvæmdum. Hann reis þá upp með miklum áhuga fyrir því að byggja kirkju í Ólafsvík ásamt fleiri áhugamönnum, þ.e. færa Fróðárkirkju til Ólafsvíkur. Þá byrjuðu fundahöld um kirkjufærslumálið og ég hefi heyrt sagt frá því að það hafi oft verið heitir fundir, því allir innri hreppsúar hafi staðið fast á móti kirkjufærslunni. Töldu þeir kirkjusókn til Ólafsvíkur örðuga eins og Ólsararnir töldu að sækja kirkju innað Fróðá.

Þó fór það svo að atkvæðagreiðsla fór fram í söfnuðinum, þar sem kirkjufærslan var samþykkt með meirihluta atkvæða. Eftir atkvæðagreiðsluna reis upp megn óánægja hjá inn-sveitarmönnum, því þá voru þar margir bændur stífir í sinni, kirkjuræknir og vanafastir og undu illa þessum málalokum. Fór það svo að tveir bændur vildu ekki láta undan, heldur fluttu þeir burtu af jörðum sínum úr sveitinni, alla leið til Ameríku. Þetta voru bændurnir Grímólfur Ólafsson hreppstjóri í Mávahlíð og Sturla Bjarnason í Kötluholti, og nokkrir bændur sem eftir sátu munu sjaldan hafa sótt messu í Ólafsvík.

Gerningaveður við flutninga

Vorið 1892 kom norskt timburskip á Ólafsvíkurhöfn með við í þá fyrirhuguðu Ólafsvíkurkirkju; tilhöggvin grind og allt sem henni tilheyrði svo sem timburglugga og annað byggingarefni og var búið að ætla henni stað út á svokölluðum Ólafsvíkurböllum, falletum stað. Þá voru ráðnir fjórir smiðir til að setja hana upp; 1. yfirsmiður var Bjarni Þorkelsson, sonur séra Þorkels Eyjólfssonar á Staðar-



stað, 2. Ágúst Þórarinnsson, þá skólustjóri í Ólafsvík, síðar kaupmaður í Stykkishólmi, 3. Guðbrandur Guðbrandsson smiður og bóndi á Fróðá, 4. Gunnlaugur Gunnlaugsson smiður Ólafsvík. Settu þessir menn kirkjuna upp þetta sumar, en fyrirhugað var að vígja hana fyrir jólin 1892.

Í skammdeginu, 2. desember, var sóknarmönnum gert að skyldu að sækja altarið og prédikunarstólinn inn í Fróðárkirkju, en þessa gripi átti að nota í hina nýju Ólafsvíkurkirkju. Þurftu mennirnir að bera þessa hluti á rúm eða kviktrjám sem kallað var, því þá voru ekki komin þau farartæki sem nú gerist. Veður var gott að morgni þessa dags. En þegar burðarkarlar voru að leggja af stað með þessar þungu byrðar frá Fróðá og komnir út í Króka, þá skall á þá svo mikið norðanrok með sorta kafaldsbyl og gaddfrosti, að við sjálf lá að þeir yrðu að skilja eftir stólinn og altarið. En af því að þetta voru harðduglegir menn þá komust þeir alla leið út í kirkju. Þessi ferð var gömlum mönnum lengi minnistæð. Og ekki var laust við að þeir sem voru hjátrúarfullir gerðu sér þær hugmyndir að veður þetta hefði verið gerningaveður sem hefði verið frá fornum framliðnum úr kirkjugarðinum á Fróðá. Þeir hefðu ekki verið ánægðir með að missa hina dýru gripi frá þessum fornhelga stað, þar sem bein þeirra hvíla á Fróðá.

Mynd 7.

Fyrir altari gömlu Ólafsvíkurkirkju. Parna er gamli prédikunarstóllinn úr Fróðárkirkju sem lenti í „gerningaveðrinu“ 2. desember 1892.

Og ekki var laust við að þeir sem voru hjátrúarfullir gerðu sér þær hugmyndir að veður þetta hefði verið gerningaveður sem hefði verið frá fornum framliðnum úr kirkjugarðinum á Fróðá



Mynd 8.
Ólafsvíkurkirkja
var vígð 26. mars
1893 og stendur
hún enn.


Kirkjuvígslu frestað

Ekki gat orðið af kirkjuvígslunni í Ólafsvík fyrir jólin. Það varð að fresta því þar sem prófasturinn í Stykkishólmi, séra Eiríkur Kúld, var orðinn gamall og farinn að heilsu.

Meðan unnið var að smíði kirkjunnar í Ólafsvík var allt fólk sem dó í sókninni jarðsett á Fróðá. Kirkjan og kirkjugarður þar sem búið var að byggja úr hlöðnu grjóti í Ólafsvík-urtúni stutt frá kirkjunni beið vígslunnar.

Pennan sama vetur á útmánuðum 1893 var séra Helgi Árnason sóknarprestur í Nesþinga-prestakalli skipaður til að vígja þá nýju Ólafsvíkurkirkju í veikindaförföllum prófastsins, séra Eiríks Kúld í Stykkishólmi. Fór sú kirkjuvígsluathöfn fram 26. mars. En fyrsta apríl, að fimm dögum liðnum, vígði sami sóknarprest-

Mynd 9.
Tvær opnur
úr dagbókum
Magnúsar, frá
árunum 1915
og 1919.



ur þann nýja kirkjugarð í Ólafsvík um leið og fyrsta lík var jarðað þar, það var gamall maður, Bjarni Bjarnason þurfalingur, 66 ára.

Nú líða árin áfram sinn vanalega gang. Alltaf fjölgar fólki í Ólafsvík svo að um síðustu aldamót telur Ólafsvík um 600 manns. Enda voru þá framfaraár þar um nokkra ára skeið því þá reis hér upp stórframkvæmdamaður Einar Markússon sem setti hér upp stóra verslun og þilskipaútgærd og mótorbáta og af því leiðandi mikil atvinna. En svo þegar Einar varð að hætta útgærd vegna óhægrar aðstöðu sem mest stafaði frá hafnleysi hér fyrir stóra þilskipaútgærd.

Svo þegar fór að líða að árinu 1909 þá fór að verða atvinnuleysi og mjög tregur fiskiafli á eintómum árabátum, lágt fiskverð og ein einokunarverslun á staðnum sem var Milljónaverslunin. Varð þá mikil fátækt í Ólafsvík svo að margir urðu að leita til hreppsnefndarinnar. En í Innsveitinni var allt blómlegra. Þar voru allar jarðir og smákot í byggð, töluverður landbúnaður og notadrjúgur sjávarafli með landbúnaðinum.

Fátækt – krafa um tvískiptingu hreppsins

Þá fóru þeir Innsveitarmenn að líta í kringum sig og leist ekki á blikuna, afkomu fátæklinganna í Ólafsvík, og hafa þá efalaust búist við sveitarþyngslum. Þá risu þeir upp og vildu að hreppnum yrði skipt í tvö hreppsfélög. Eftir að þeir höfðu leitað til stjórnarvaldanna um að fá leyfi til að skipta hreppnum. Voru hafin fundahöld um það mál og samþykkt að lokum. Fóru hreppaskiptin fram 1911 og voru hrepparnir kallaðir Ólafsvíkurhreppur frá Ólafsvíkurenni inn að Fossá en innri hlutinn frá Fossá inn að Búlandshöfða og var nefndur Fróðárhreppur og þar með lagður niður Neshreppur innri.

En það var ekki öll nótt úti enn hjá þeim Fróðhreppingum. Nú vildu þeir líka fá sóknarskipti og byggja kirkju á Brimilsvöllum. Þeim þótti erfitt að sækja til Ólafsvíkurkirkju, sem var líkt og Ólsurum þótti að fara inn að Fróðá. Hér á bakvið hefur eflaust lifað neisti á gömlum glóðum frá þeim árum að Ólafsvíkingar urðu yfirsterkari í því máli að taka kirkjuna frá Fróðá og flytja hana til Ólafsvíkur. Þá voru enn nokkrir eldri menn lifandi

Novembar 1947.

- L. 1. Albrahílagramessa, austur norðan kaldli,
 F. 2. 22 S. d. e. Trinit. og 2 S. d. í Vestri,
 Norðan kaldli f.p. en Skinnings kaldli s. p.
 M. 3. Norðan hvarss garður skjýð gírði í gel í kveld
 F. 4. Norðan hvarss skjýð dálíkið fræk,
 M. 5. Suðaustan hvarss með bleitukafaldo sliddu,
 F. 6. Suðaustan kaldli og vigring f.p. skúrir s. p.
 Í morgun andáðisk kúðnin Kristjánsdóttir að
 himili sínu yfri Bug í Fróðarhreppi 84 ára gömul
 dó' úr afleiðingum af heilablóðfalli,
 F. 7. Grandsunnan hvarss f.p. hægur s.p. altaf skúrir,
 Jég byrjaði á að smíða Líkkestu um kúðnina Sál
 í yfri Bug. Í dag andáðisk Sigríður Sál Jónsdóttir
 að himili sínu Hlidarenda hjér í Ólafsvík 76 ára,

Mynd 10.
 Sýnishorn af
 færslum úr dagbók
 Magnúsar Kristjánssonar.

sem urðu að setta sig við að sjá gömlu kirkjuna rifna niður og fótum troðinn sinn kæra og helga ástvinareit forfeðrana.

Á næsta almennum safnaðarfundi var þetta sóknarskiptamál á dagskrá og svo á aukafundum og voru þeir oft volgir og sögulegir, sem hér verður ekki getið. Svo kom að því að þetta mál var borið undir atkvæði í söfnuðinum og var það fellt með meirihluta atkvæða. En ekki undu Fróðhreppingar vel við þau málalok því þá kölluðu þeir saman fund í Fróðarhreppi og á þeim fundi gerðist það að þeir sögðu sig úr sóknarbandi við Ólafsvíkursöfnuð og stofnuðu fríkirkjusöfnuð. Þeir fengu sér prest, séra Ólaf Stephensen á Grund í Eyrarsveit, til prestsverka og létu hann flytja guðsþjónustur í fundarhúsinu á Brimilsvöllum og fengu hann til annarra prestsstarfa. En sá söfnuður varð ekki langlífur, ég held að hann hafi hætt eftir rúmt ár. Þá tóku þeir upp aftur sóknarskiptamálið og vildu reisa þjóðkirkju á Brimilsvöllum. Fór enn fram atkvæðagreiðsla í Ólafsvík sem lauk með jöfnum atkvæðum. Þá var kominn mikill hiti í þetta kirkjumál. Að lokum komu báðir aðilar sér saman um að láta sóknarnefndina í Ólafsvíkursókn greiða úrslita atkvæði.

Í sóknarnefndinni voru þessir þrír menn: 1. Jón Proppé verslunarstjóri, 2. Jón Ásgeirsson hreppsstjóri og 3. ég, – Magnús Kristjánsson meðhjálpari. Svo héldum við sóknarnefndarfund og greiddum atkvæði um þetta þrásotta mál. Féllu atkvæði þannig: Jón Proppé sagði já við sóknarskiptin, Jón Ásgeirsson sagði nei og þá var ég orðinn oddamaður sem gat nú ráðið úrslitum. Og þá greiddi ég atkvæði með sóknarskiptunum. Þar með var lokið öllum þessum eldheitu kirkjumálum milli Ólafsvíkur og Fróðhreppinga.

Ég held að ég hafi greitt þarna rétt atkvæði, því mér voru í huga þau mál sem ég hafði heyrt um kirkjufærsluna frá Fróðá. Svo þetta voru sárabætur nú fyrir Fróðhreppinga eftir langa baráttu.

Strax eftir þetta að þessi nýja Brimilsvallasókn var stofnuð var byrjað á að safna fé til kirkjubyggingarinnar og gekk það vel með miklum áhuga og dugnaði. Bjarni Sigurðsson óðalsbóndi á Brimilsvöllum gaf lóð undir kirkjuna og grafreit þar hjá. Og þar að auki mikill styrktarmaður við þær framkvæmdir.

Sumarið 1923 var byggð ný steinsteypu kirkja á Brimilsvöllum. Yfirsmiður var Alexander Valentínsson smiður frá Ólafsvík.

Þá voru enn nokkrir eldri menn lifandi sem urðu að setta sig við að sjá gömlu kirkjuna rifna niður og fótum troðinn sinn kæra og helga ástvinareit forfeðrana



Mynd 11.
Öldungurinn í kirkju-
dyrum Brimilsvalla-
kirkju. Myndin er
tekin 24. júlí 1960,
þegar Magnús Krist-
jánsson 85 ára að
aldri er í heimsókn á
sögslóðum.

Verkið gekk vel og er þetta lítil kirkja en mjög snotur. Svo um haustið, sunnudaginn 28. október, var þessi nýja Brimilsvallakirkja vígð af prófastinum séra Árna Þórarinssyni frá Stóra-Hrauni. Voru þar viðstaddir auk prófests tveir aðrir prestar, sóknarpresturinn séra Magnús Guðmundsson, Ólafsvík, og séra Jósep Jónsson prestur að Setbergi. Viðstatt fjölmenni.

Næsta vor þar á eftir andaðist Bjarni Sigurðsson ódalsbóndi og hreppsstjóri á Brimilsvöllum og var hann jarðsunginn í hinum nýja Brimilsvallakirkjugarði 7. júní 1924. Og þá um leið vígður kirkjugarðurinn af séra Magnúsi Guðmundssyni sóknarpresti. Er það nokkuð táknrænt að Bjarni sem gaf lóðarstæði úr túni sínu undir kirkjuna og grafreitinn eins og fyrr getur, að hann skyldi verða fyrsta lík sem þar var lagt til síðustu hvíldar. Það munu fá dæmi finnast slík.

Nú hefur margt fólk flust burt úr Fródárhreppi og einnig dáið svo nú eru þar fáir bæir byggðir. Um þau ár sem hreppaskiptin og

—sóknar fóru fram voru þar í sveitinni 25 býli, bæði stór og smá. En nú eru þar ekki nema tíu góðar jarðir byggðar og allflestar af fullorðnu fólki en fátt af ungu fólki og börnum. Margt hefur breyst á þessum liðnu árum eins og fyrr er getið. Þar á meðal er nú Fródá, það gamla höfuðból, búið að standa í eyði upp undir 40 ár og er allt þar komið í niðurníðslu. Þó er það hvað mest ofboð yfir að líta þann fornhelga stað þar sem gamla Fródárkirkja stóð og hinn helgi grafreitur horfinn. Fyrst var sléttað yfir hann og hann gerður að einni grasflöt eins og lög standa til. En svo fyrir nokkrum árum, þegar Fródárheiðarvegurinn var lagður til Ólafsvíkur þá var vegurinn lagður yfir Fródártúnið og þar á meðal yfir miðjan gamla kirkjugarðinn, þó með leyfi yfirvalda. Svo nú er ekkert þar að sjá lengur. Nema ef þar skyldu vera sveimandi svipir þeirra sem þar hvíla. En sögur um Fródá, gamlar og nýjar, eru sagðar enn, því margt hefur borið þar við nú á seinni árum sem gæti verið efni í þjóðsögur sem kalla mætti gömlu og nýju Fródárundrin.

Dagbók.

Magnúsa Kristjánssonar.

70 árgangur.

Árin 1961-1962-1963.

Janúar. 1963.

Þ. 1. Nýársdagur Norðaustan góla.
Þá er nú þetta nýja ár
1963 komið og það gamla lítið
Nú er að enda við að skrifa það
sem á laga mína dröf á mína
Dagbók þar veit ég ekki hvort
ég á að halda áfram á næsta ár

Mynd 12. t.h.
Titilblað sjötugasta
og síðasta árgangs
dagbóka Magnúsar.